

Um tryggingafræðilega athugun

Árlega er gerð tryggingafræðileg athugun á lífeyrissjóðnum í samræmi við ákvæði laga. Megintilgangurinn er að tryggja ákveðið jafnvægi í eignum og skuldbindingum lífeyrissjóðsins. Við mat á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins er tekið tillit til núverandi eigna og framtíðariðgjalda þeirra sjóðfélaga sem eru í sjóðnum. Þessir tveir liðir mynda heildareignir á móti áföllnum- og framtíðarskuldbindingum sem mynda heildarskuldir. Þar sem eignir og skuldir í framtíðinni falla ekki til á sama tíma þarf að núvirða þessar stærðir m.v. ákveðna ávöxtunarkröfu. Ávöxtunarkrafa sem tryggingastærðfræðingar notast við, sbr. ákvæði reglugerðar þar um, er 3,5% hjá lífeyrissjóðum sem ekki hafa bakábyrgð launagreiðenda. Viðmið við 3,5% ávöxtunarkröfu á sér áralanga sögu og var á sínum tíma m.a. horft til vaxta á ríkistryggðum skuldabréfum og langtímahagvaxtar. Niðurstaða í tryggingafræðilegu uppgjöri er jafnan sett fram í hlutfalli af heildarskuldbindingum, sjá sex ára yfirlit um stöðu lífeyrissjóðsins.

Ár	2010	2009	2008	2007	2006	2005
Staða	3,4%	-10,8%	-7,2%	4,7%	7,9%	6,1%

Í lögum um lífeyrissjóði nr. 129/1997, er kveðið á um að fari tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðs umfram +/- 10% eða +/- 5% samfelld fimm ár í röð beri að lagfæra stöðu sjóðsins með því að lækka eða hækka lífeyrisréttindi. Ákvæði laganna á að tryggja að lífeyrissjóðurinn sé hverju sinni að greiða út lífeyri til lífeyrisþega og lofa ávinnslu lífeyrisréttinda til greiðandi sjóðfélaga sem næst raunverulegri getu sjóðsins til lengri tíma litið. Með þessu er verið að laga réttindi að stöðu sjóðsins og tryggja það að færa ekki fjármuni milli kynslóða, lífeyrisþega og greiðandi sjóðfélaga, enda byggist fyrirkomulag samtryggingardeildar í lífeyrissjóði á sátt milli kynslóða

Nánar um forsendur tryggingafræðilegrar athugunar:

Tryggingafræðileg athugun á sjóðnum miðað við árslok 2010 var gerð af Bjarna Þórðarsyni tryggingastærðfræðingi. Athugunin var gerð í samræmi við ákvæði laga um lífeyrissjóði nr. 129/1997, ákvæði reglugerðar nr. 391/1998, leiðbeinandi reglur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um framkvæmd tryggingafræðilegra athugana frá árinu 2006 og í samræmi við ákvæði samþykpta sjóðsins.

Notast er við svokallaðar staðalforsendur í þeim tilgangi að tryggja samræmi í aðferðum og til þess að hægt sé að bera saman niðurstöður tryggingafræðilegra athugana milli lífeyrissjóða. Þó getur tryggingastærðfræðingur, samkvæmt heimild í reglugerð nr. 391/1998, vikið frá staðalforsendum ef hann telur að sérstakar aðstæður í viðkomandi lífeyrissjóði geri það að verkum að það gefi réttari mynd af stöðu hans.

Við mat á lífslíkum sjóðfélaga og lífeyrisþega er notast við staðalforsendur fyrir lífslíkur sem miðast við reynslu árána 2004 til 2008. Staðalforsendur fyrir örorkulíkur miðast við 100% af reynslu 17 íslenskra lífeyrissjóða á árunum 1998 til 2002. Staðalforsendur vegna örorkulífeyris eru notaðar vegna óvirkra sjóðfélaga þ.e. þeirra sjóðfélaga sem eiga réttindi en greiddu ekki til sjóðsins á liðnu ári.

Örorkulíkur vegna virkra sjóðfélaga byggja hins vegar á reynslu sjóðsins sjálfs árin 2002 til 2006 en þeim hefur tryggingastærðfræðingurinn breytt nokkuð til lækkunar vegna endurskoðunar á brotthvarfi örorkulífeyrisþega vegna endurhæfingar og af öðrum ástæðum en fráfalls eða töku ellilífeyris á árunum 2003 til 2007.

Það skal tekið fram að tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum er óhjákvæmilega háð óvissu. Í fyrsta lagi er byggt á ákveðnum forsendum um vexti, dánarlíkur o.s.frv. í marga áratugi til framtíðar og í öðru lagi má búast við tilviljanasveiflum, sem eru þeim mun minni sem fleiri sjóðfélagar eru í hlutaðeigandi sjóði. Lífeyrissjóður verzlunarmanna er því vel settur hvað þessar sveiflur áhrærir.